

þar nokkra atvinnu, eða hafi þar fasta atvinnustofnun. Hafi hann aðeins benzingeymir á Hvammstanga, er liggur í Kirkjuhvammshreppi, selji nafngreindum kaupmanni á Hvammstanga bensín og aðrar oliuafurðir, er svo aftur verzli með þetta eftir eigin vild. Mótmælir gerðarþoli lögtakinu og útsvarsálagningunni yfirleitt um leið og hann sérstaklega skýrskotar til þess, að útsvarsálagningin á sig heyri ekki undir 8. gr. a. lið laga nr. 46 frá 1926.

Í máli þessu er fram komin yfirlýsing frá nefndum kaupmanni, að nafni Sigurður Pálmason, er selur bensín af benzingeymi gerðarþola.

Samkv. yfirlýsingu þessari ber gerðarþoli kostnað af uppskipun og framskipun á benzintunnum gerðarþola og flutningi þeirra að benzingeyminum. Sigurður hefir í sölulaun 3 aura af hverjum liter af benzini, er hann selur, og ber ábyrgð á innheimtunni, og gerðarþoli greiðir í lóðargjald fyrir benzingeymirinn og geymslu á tómunum 50 kr. á ári.

Samkvæmt þessu og með tilvísun til hæstaréttardóms í málinu nr. 10 1929 verður nú að líta svo á, að gerðarþoli reki slíkan atvinnurekstur á Hvammstanga í Kirkjuhvammshreppi, að hann sé útsvarsskyldur til nefnds hrepps samkv. a. lið 8. gr. í lögum nr. 46, 15. júní 1926. Verður því samkv. þessu að staðfesta lögtaksgerð hreppstjóra Kirkjuhvammshrepps.

Mánudaginn 31. okt. 1932.

Nr. 138/1932. Valdstjórnin (Stefán J. Stefánsson)

gegn

Höskuldi Eyjólfsyni

(Pétur Magnússon).

Áfengislagabrot.

Dómur lögregluréttar Árnassýslu 15. júní 1932: Kærður, Höskuldur Eyjólfsen, Saurbæ í Villingaholtshreppi. greiði 1200 króna sekt í ríkissjóð, en sé hún eigi greidd innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, sæti hann ein-

földu fangelsi í 52 daga. Þá greiði hann og allan sakarkostnað.

Hið tekna áfengi verði eign rikissjóðs.

Dómi þessum að fullnægja að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstaréttar.

Kærði í máli þessu, Höskuldur Eyjólfsson, bóndi í Saurbæ í Villingaholtshreppi, var staddur hér í bænum 27. nóv. f. á. Þann dag gerði lögreglan í Reykjavík leit í hótélherbergi, sem hann hafði þá til afnota, og fann þrjár flöskur, er allar reyndust að hafa að geyma áfengan drykk með alkóhólinnihaldi langt yfir leyfðu marki. Ein af flöskum þessum fannst í þvottaskáp, sem var í herberginu, og tvær í súðarskáp einum þar. Kannaðist kærði ekki við það, að hann vissi nokkuð um tvær síðastnefndu flöskurnar, en þriðju flöskuna kvaðst hann hafa keypt, eins og segir í hinum áfrýjaða dómi.

Gegn synjun kærða er það ekki sannað, að honum hafi verið kunnugt um áðurnefndar tvær flöskur né hvernig þær voru inn í herbergi hans komnar. Og verður því að sýkna hann af kærnum valdstjórnarinnar að því leyti. Þar á móti þykir hann ekki hafa gert sennilega grein fyrir því, hvernig flaskan, sem fannst í þvottaskápnum í herbergi hans, var þangað komin, og verður því að dæma hann að því leyti fyrir áfengislagabrot, samkv. 2. málsg. 13. gr. laga nr. 64, 19. maí 1930, sbr. við 1. gr. sömu laga. En þar sem eftir því sem fyrr segir kærði verður að teljast hafa einungis haft þessa einu flösku í fórum sínum á hótélherbergi sínu, verður ekki talið, að hann hafi haft hana til sölu, heldur til eigin neyzlu. Refsingu hans ber því að ákveða samkvæmt 2. tölulið 27. gr. áðurnefndra laga, og þykir hún, með hliðsjón af því,

að kærði hefir tvívegis áður, með dómi hæstaréttar 27. jan. 1927 og með dómi lögregluréttar Árnessýslu 31. dez. s. á., verið dæmdur til refsingar fyrir óleyfilegan tilbúning áfengs drykkjar, hæfilega ákveðin 800 kr. sekt í ríkissjóð, og skal sektin afplánast með 35 daga einföldu fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku hins tekna áfengis og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði þykir mega staðfesta. Svo greiði kærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Höskuldur Eyjólfsson, greiði 800 kr. sekt í ríkissjóð, og komi 35 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku hins tekna áfengis og um greiðslu málskostnaðar í héraði skulu vera óröskuð. Svo greiði kærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálaflutningsmannanna, Stefáns Jóh. Stefánssonar og Péturs Magnússonar, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað hér í héraði samkvæmt skipun dómismálaráðuneytisins í bréfi 5. febr. þ. árs.

Við húsrannsókn, sem framkvæmd var í herbergi á Hótel Heklu í Reykjavík, þar sem kærður, Höskuldur Eyjólfsson, bóndi frá Saurbæ í Villingaholtshreppi var þá staddur, fannst heilflaska af brugguðu áfengi í þvottaskáp þar í herberginu, enda sagði ákærður til þess sem sinnar eignar. Áfengi þetta, sem reyndist hafa að innihaldi 72,5% af vínanda að rúmmáli, kvaðst ákærður hafa keypt af manni á Klapparstig, sem hann eigi þekkti og sagðist heita Jón, og gefið 8 kr. fyrir. Hinsvegar kveðst hann ekki hafa vitað um 2 heilflöskur af samskonar vökva, er fundust þar í súðarskáp.

Framburð þennan hefir kærður haldið fast við og ekki fengizt til að breyta honum í neinu.

Við húsrannsókn sem framkvæmd var á heimili kærðs í nóvembermánuði f. á. og ítrekuð 18. marz þ. á., fannst ekkert brugg né heldur bruggáhöld í húsum hans.

Samkvæmt 13. gr. áfengislaganna ber þeim, er ólöglegt áfengi hefir í fórum sínum að sanna, hvernig áfengið er komið í vörzlur hans, en geri hann það ekki, skal hann sekan telja um brot gegn 1. gr. þeirra laga. Nú með því að kærður hefir enga sennilega grein gert fyrir áfenginu, verður hann að teljast sekur gegn ákvæðum þessum, og virðist refsing hans, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og 27. jan. 1927 var dæmdur í 500 kr. sekt fyrir bruggun og síðan í héraði, 31. dezember s. á. í 1000 króna sekt fyrir samskonar brot, samkvæmt 27. gr. áfengislaganna hæfilega ákveðin 1200 kr. sekt, er afplánist með 52 daga einföldu fangelsi. Hið tekna áfengi sé eign ríkissjóðs, en kærður greiði allan kostnað af sökinni. Enginn óþarfur dráttur hefir orðið á málinu.